D



# Íþróttamiðstöð Dalabyggðar í Búðardal

D

## ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ DALABYGGÐAR Í BÚÐARDAL - TILLAGA D

Íþróttamiðstöðin er staðsett suðvestan við Dalabúð, félagsheimili sveitarfélagsins. Hún samanstendur af þremur einingum, innisundlaug, líkamsræktaraðstöðu og íþróttasal, sem bindast svo allar saman um einnar hæðar þjónustuálmu. Sparkvöllur skólalóðar verður einnig áhugaverður hluti af íþróttamiðstöðinni og verður t.d. unnt að nýta búningsaðstöðu miðstöðvarinnar fyrir notendur vallarins og getur hann þannig nýst beint sem hluti af íþróttakennslu.



Aðkoma að miðstöðinni er frá Miðbraut á milli Dalabúðar og leikskóla, þar sem komið er að aðalinngangi hennar.
Íþróttamiðstöðin er sem sagt eitt samsett mannvirki sem snýr í NV- SA stefnu, með einhalla þaki frá SV til NA. Hæsti hluti íþróttamiðstöðvarinna er íþróttasalarhlutinn og er staðsetning hans miðuð við og út frá Dalabúð og er þar með suðaustast í miðstöðinni. Lægsti hluti íþróttamiðstöðvarinnar er þjónustuálman, sem snýr mót norðaustri, bæði af notagildis ástæðum og ekki síður vegna tillitssemi við lágreistan leikskólann norðan hennar og ekki síst við Dalabúð.

Það sem stýrir fyrst og fremst samsetningu byggingarhlutanna er það viðmið að búningsklefar þjóni bæði sundlaugargestum og íþróttasalargestum. Þar spilar stórt hlutverk klár aðskilnaður blautra ganga og þurra. Inngangur í klefana er sameiginlegur öllum gestum en útgangur er ekki hinn sami. Sundlaugargesturinn fer inn í búningsklefa að suðaustanverðu og út að norðvestanverðu að sundlaug, en íþróttasalargesturinn og líkamsræktargesturinn fara einnig inn að suðaustanverðu en út á sama stað í átt að íþróttasal og tækjasal og út á sparkvöll.

Reynt er að gera gönguleiðir eins stuttar og mögulegt er frá búningsklefum í hina mismunandi áfangastaði. Vegna ofangreinds er búningsaðstöðu komið fyrir miðsvæðis í miðstöðinni og er hún umlukin af íþróttasal að suðaustan, tækjasal að suðvestan, innilaug að norðvestan og aðkomuálmu mót norðaustri.
Aðalinngangur snýr þannig að bílastæðum norðaustan byggingarinnar.

### Þjónustubygging

Góð yfirsýn er um hús frá afgreiðslu og varðarherbergi sem staðsett er við aðalinngang. Vestan við afgreiðslu er kaffistofa starfsmanna ásamt snyrtingu í opnum tengslum við afgreiðsluna. Þar vestan við er aðstaða íþróttakennara og samnýtanleg aðstaða fyrir einstaklinga með sérþarfir. Á milli þessarra tveggja rýma er inntaksrými ásamt ræstimiðstöð. Lengst í vesturenda þjónustuálmu er skrifstofa forstöðumanns og tómstundafulltrúa með aðgengi út á yfirbyggða útsýnisverönd.
Afgreiðsla og aðstaða starfsmanna er í beinum göngutengslum og krossa ekki leiðir gesta.
Alrými gesta er í opnum sjónrænum tengslum við sundlaugarsal sem og við íþróttasalinn, sem gerir mannvirkið afar lifandi og dínamískt. Í alrými eru skóhirslur og sjálfsalar. Þessi lausn býður upp á spennandi viðbótar nýtingarmöguleika íþróttasalar umfram íþróttaiðkun, t.d. fyrir stærri samkomur og veisluhöld eða tónleika.
Austan við afgreiðslu er skógeymsla gesta og þaðan tekur við skólaust svæði á gangi að almennum snyrtingum og búningsklefum sem staðsettir eru fyrir miðju miðstöðvarinnar sem fyrr getur.

### Innisundlaug

Úr búningsklefum kemur laugargestur beint inn í sundlaugarsal. Sundlaugin liggur í NV- SA stefnu og er synt á móti fögru útsýni að Hvammsfirði. Lágur útsýnisgluggi hins syndandi gests er settur á NV gafl laugarhússins, en á SV langhlið þess er gert ráð fyrir glerhlið sem er opnanleg með fellihurðum á milli burðarsúlna. Þannig tengjast sundlaug og garður á fullkominn hátt, úti verður inni og öfugt. Ystu modular laugarhúss til beggja enda og báðum megin laugar verða krossstífðir til afstífingar, sem gefur um leið ákveðið útlitsyfirbragð. Þessir hlutar glerhliðar verða því ekki opnanlegir.

### Útisvæði

Útisvæði sundlaugar er við suðvestur langhlið laugarhúss. Á góðviðrisdögum má opna felli glerhurðir laugarhússins algerlega út í garðinn og tengja þannig inni- og útirými saman. Í afgirtum laugargarði er gert ráð fyrir tveimur heitum pottum ásamt vaðlaug og dvalar- og sólbaðssvæði.
Stærð afgirts laugargarðs er um 240m² eins og hann er sýndur á tillögu þessari, en gæti hæglega afmarkast á annan og stærri hátt. Þá væri unnt að gera ráð fyrir rennibraut og lendingarlaug á síðari stigum.
Girðing garðs verður útfærð þannig að gætt verði að útsýni frá honum. Ríkjandi vindátt er úr norðaustri og er garðurinn því afar vel staðsettur m.t.t. þess.

D

### Íþróttahús

Íþróttahús liggur vel við tengingum við búningsklefa. Byggingin er 10 m há í austurenda en lækkar mót vestri. Hæð salar er háð burðarkerfi og þeim tæknikerfum sem verða valin við upphitun og lofræsingu mannvirkisins. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að nýta lofthæð yfir búningsklefum að hluta undir tæknirými, loftræsisamstæður o.þ.u.l. fyrir allt mannvirkið.

Á SA gafli salar er áhaldageymsla með góðum aðkomumöguleika frá Miðbraut.

Við NA langhlið salar er gert ráð fyrir tveimur röðum af útdraganlegum bekkjum með möguleika á 110 áhorfendasætum.
Á gangi við inngang í sal eða sali er gert ráð fyrir drykkjarfonti. Flóttaleiðir úr íþróttasal eru mjög greiðar.

Íþróttasalur tengist sjónrænt um glerhurðir og glugga við alrými gesta. Möguleiki á að fjölnýta salinn til ýmiss konar viðburða, sem fyrr getur og spilar þessi tenging stórt hlutverk í því samhengi.

### Tækjasalur & sjúkraþjálfari

Tækjasalur stingur sér út undan einhalla mannvirkinu og er í beinum tengslum við íþróttasal og búningsklefa. Hæð tækjasalarhluta er 6m (utanmál) og er hann með stórum gluggaflötum til suðvesturs og að hluta inn í sundlaugargarð, enn ein útfærsla til þess að gera íþróttamiðstöðina opna og lifandi.
Sjúkraþjálfari er við hlið tækjasalar og í góðum tengslum við búningsklefa og íþróttasal.

Stiga- og lyftutenging er frá tækjasal og búningsklefagangi upp á loft yfir búningsklefum, þar sem mögulegt er að nýta gólfpláss sem þar verður til fyrir framan tæknirými, undir teygjusal sem viðbót við og í opnum tengslum við líkamsræktaraðstöðuna.
Hægt er að hafa sjónræn tengsl úr þessu rými niður í íþróttasal og í sundlaugarsal, sjá snið og 3-D mynd úr sundlaugarsal. Það mætti innrétta og ganga frá þessu rými á síðari stigum. Afmörkun og stærð þessa rýmis er opin til endanlegrar ákvörðunar, háð stærð og afmörkun aðliggjandi tæknirýmis.
Hæð rýmis gerir kleift að gera ráð fyrir rúmlega 5m háum klifurvegg í salnum.

### Tæknirými

Gert er ráð fyrir vélrænni loftræsingu í mannvirkinu. Upphitun íþróttamiðstöðvarinnar fer fram í gegnum loftræsingu.
Gert er ráð fyrir tæknirými á 2.hæð, yfir búningsklefum, inn af teygjusalsrými, sem teygir sig á milli gaflveggja íþróttasalar og sundlaugarsalar. Loftræsisamstæða eða samstæður þjóna íþróttamiðstöðinni til loftræsingar og upphitunar. Líklegt er að sér samstæða verði ætluð íþróttasal og önnur fyrir sundlaugarsal og búningsklefa. Afmörkun og stærð rýmis er opin til endanlegrar ákvörðunar, háð stærð og afmörkun aðliggjandi teygjurýmis.

Gerð er tillaga um að kanna möguleikann á því að lagnarými/tæknirými sundlaugar verði staðsett í kjallara vesturálmu Dalabúðar og lagnagangur/lagnaleið gerður þaðan og yfir í sundlaugarker.
Reynist sú leið ekki hentug er sýndur kjallari undir búningsklefahluta nýbyggingar með stiga og lyftutengingu. Þaðan er lagnaleið stutt yfir í laugarker og potta og hæðarmunur á milli laugar og lagnagólfs mjög hentugur. Lóðréttur lagnastokkur er mögulegur frá kjallara um inngang syðri búningklefa og upp í tæknirými á 2.hæð.

### Uppbygging

Tillaga þessi gerir ráð fyrir límtrés burðarvirki, súlur og bitar, en einnig kemur til greina að miða við stálburðarkerfi í súlur og þakbita með límtrés ásum á milli.
Burðarvirki er því límtré eða stágrind og límtré, veggir klæddir með 129 mm standandi trapissu Yeiningum og þak með 196 mm sléttum Yleiningum með tvöföldu bræddu pappalagi. Krossstífur koma á endabil salanna beggja, bæði á veggjarhluta og þakhluta. Skástífur koma á í hvert súlubil á milli súlu og þakbita.
Gert er ráð fyrir hvítri standandi trapissuklæðningu á útveggi íþróttasalar og sundlaugar, en sléttum Yleiningum á veggi lágbygginga, sem síðan verða klæddar með 2mm hvítri álklæðningu á 25mm aluzink hattprófila.
Innveggir eru hlaðnir, t.d. úr Bauroc elementum. Veggir almennt spartlaðir og málaðir en flísalagðir í sturtum. Gólf 2.hæðar er dúklögð krossviðslæðning á burðarbita og einangraða grind til hljóðdempunar. Steypt gólf þjónustubyggingar í öllum rýmum eru t.d. slípuð terrassogólf.
Gluggar og útihurðir eru úr áli með K-gleri. Fellihurðir úr gleri og áli eru á suðurlanghlið að laugargarði og hægt að opna að fullu á milli súlnabila.
Gert er ráð fyrir ísogsflötum á veggjum íþróttasalar og laugarhúss.



## Nýting Dalabúðar

Tillöguhöfundar hafa skoðað með opnum huga þann valkost og möguleika að nýta illa nýtt rými Dalabúðar, líkt og útbjóðandi leggur til, sem valkost. Niðurstaða okkar er sú að allar slíkar tilraunir skapi meiri vandamál en þau leysi, ekki minnst vegna mikilvægra tenginga á milli eininga, sem erfiðara er að uppfylla ef slík leið er valin. Okkar reynsla segir að eitt það allra mikilvægasta í skipulagningu og hönnun íþróttamiðstöðva, sem hýsa nokkrar mismunandi íþróttagreinar, sé samtengingin og stuttar leiðir frá sameiginlegum búningsklefum að hverri einingu. Nýting kjallararýma Dalabúðar í slíku samhengi vinnur gegn því markmiði. Tillaga okkar raðar þessum þremur íþróttaeiningum hringinn í kringum búningsklefamiðju og þaðan er stutt í allar stöðvar. Væri ákveðið að staðsetja t.d. líkamsrækt í austur kjallaraálmu Dalabúðar, þyrfti að fara langar leiðir frá búningsklefamiðjunni þangað og gera þyrfti kjallaratengingu á milli og skábrautir niður frá núverandi sundlaugarinngarði og helst lyftu þar að auki. Kjallaratenging stæði upp úr yfirborði lands, þar sem kjallarar eru hálfniðurgrafnir. Óhagræði af þessu er því mikið að okkar viti. Dalabúð fær því að standa sjálfstæð áfram á sinn einstaka hátt.

Við leggjum til að gera inngarðinn á milli austur- og vesturálmu að spennandi upplifunarstað. Lagt er til að þarna verði hægt að búa til spennandi umgjörð um útisvið, „amphiteater". Grafið er frá útveggjum kjallaraveggja, tröppur og setstallar gerðir og útisvið sett á neðsta kóta (0,80) þessa breytta rýmis. Tónlistarskóli (eða annað skólahúsnæði) gæti stækkað niður á kjallarahæð, sem verður með þessu móti orðin neðri jarðhæð, með beinni tengingu út á „sviðsgólfið". Unnt verður að opna innri stigatengingu á milli hæða til fullkominnar samnýtingar skólarýmis. Útitröppumannvirkið nýtist að auki sem spennandi leiksvæði skólabarna.

Í kjallara vesturálmu leggjum við til að kannaður verði möguleiki á umgjörð um tækni- og lagnabúnað innisundlaugar, líkt og áður getur og sem og klór- og sápugeymsla.

## Stærðir

Stærð íþróttamiðstöðvar á 1.hæð, íþróttasalur, sundlaug, alrými, stjórnunarálma, líkamsrækt og áhaldageymsla íþróttasalar er 1640m² brutto. Mögulegur lagnakjallari er ráðgerður 60m² brúttó og mögulegt nýtanlegt rými á 2.hæð, tæknirými og teygjusalur er 135m², samanlagt mögulegir 1.835m².
Endurgerður frágrafinn austurkjallari Dalabúðar býður upp á 100m² í gerbreyttu og boðlegu kennsluhúsnæði, t.d. til stækkunar við tónlistarskóla.

## Áætlaður tímafjöldi & taxti arkitekts við gerð aðaluppdrátta & deilihönnunar

Við gerð aðaluppdrátta og deililausna íþróttamiðstöðvar í Búðardal samkvæmt tillögu þessari, áætla arkitektar 1.700m² x 0.5 klst og er jafnaðartaxti 15.000 kr + vsk.

850 tíma vinnuframlag eru 22 vikur eða 5,2 mannmánuðir.
Tímataxtar breytast mánaðarlega í samræmi við byggingarvísitölu.



Afstöðumynd
1:500




Grunnmynd 1. hæð
1:200

D




Grunnmynd 2. hæð
1:200

D



Grunnmynd kjallara
1:200




Grunnmynd Dalabúðar
1:200




þrívíð grunnmynd

D




Sneiðing
1:200

D



Suðvestur útlit
1:200

D



Norðvestur útlit
1:200




Norðaustur útlit
1:200

D




Norðaustur útlit
1:200

D



Suðaustur útlit
1:200

D



Aðkomuhlið

D



Mót norðvestri



Aðkoma

D




Afgreiðsla, séð inn í sundlaug

D



Sundlaug

D



Alrými, séð inn í íþróttasal

D



Íþróttasalur

D


Líkamsrækt, klifurveggur og teygjuaðstaða

D



Horft frá suðvestri að íþróttamiðstöð